


Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur



### **Efni: Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2022**

Umsókn yðar um fjárveitingu til styrkvega árið 2022 hefur verið tekin til umfjöllunar.

**Samþykkt hefur verið að úthluta til styrkvegir í Dalabyggð 8.000 þús. kr.**

Styrkurinn verður greiddur eftir að fulltrúar styrkþega og Vegagerðarinnar hafa tekið út framkvæmdir og undirritað þar til gert eyðublað sem fylgir með bréfi þessu, vakin er athygli á ákvæðum eyðublaðsins svo og útdráætti úr vegalögum sem þar er einnig að finna.

Að loknum framkvæmdum, skal styrkþegi hafa samband við fulltrúa Vegagerðarina vegna úttektar, að úttekt lokinni sendi styrkþegi Vegagerðinni undirritað eyðublað um hvað hafi verið framkvæmt og framvísi afritum af reikningum, ásamt upplýsingum um banka, reikningsnúmer.

Siða 1/1

**Vakin er athygli á að ráðstöfun styrks þarf að fara fram á því ári sem hann er veittur, til að auðvelda útgreiðslu styrks þurfa gögn að hafa borist fyrir 1 desember.**

Fulltrúi Vegagerðarinnar er Sæmundur Kristjánsson, sími 522-1000

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Kristinn Gunnar K. Lyngmo

Undirskrift  
Kristinn Gunnar K. Lyngmo

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Styrkur til samgönguleiða samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007

Vegagerðin hefur samþykkt að veita styrk til vegagerðar af liðnum Styrkvegir í vegáætlun 2020 til verkefnisins

að upphæð kr.

Styrkþegi er ..... kennitala .....  
nafn

Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 25 gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst styrkþegi því veghaldari vegarins samkvæmt IV. kafla laganna og hvíla á honum skyldur í samræmi við það. Styrkþega er skylt að heimila öðrum hagsmunaaðilum umferð um veginn.

Athygli styrkþega er vakin á því að um nýja vegi og breytingar á eldri vegum gilda skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum. Afla þarf framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórna(r) og verður það að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Styrkur fellur niður sé hann ekki greiddur á því ári sem hann er veittur.

Staður og dagsetning

nafn:

f.h.styrkþega

nafn:

f. h. v.

kennitala:

kennitala:

Úrdráttur úr vegalögum nr. 80/2007

3. gr.  
*Orðskýringar*

5. *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.

6. *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghaldi vegar.

12. gr  
*Almennt*

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldid skal gaeta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaværndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

25. gr.  
*Styrkir til samgönguleiða*

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.  
Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.  
Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.  
Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.  
Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og um framkvæmd styrkveitinga.